SVANSMERKIÐ
Prentgripur
1041 0858

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Nr. 2585 Síðan 1968 54. árgangur
Miðvikudagur 17. febrúar 2021
dfs@dfs.is – vefútgáfa: dfs.is
Sími 482 1944 · Eyravegi 25 · 800 Selfoss

Samstarf um áfangastaðastofu á Suðurlandi

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga hafa undirritað samstarfssamning um stofnun áfangastaðastofu á starfssvæði samtakanna.

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) eru þar með önnur landshlutasamtökin til að taka ákvörðun um stofnun áfangastaðastofu á starfssvæði sínu. Undirbúningur að stofnun áfangastaðastofa í öllum landshlutum hefur staðið yfir sl. tvö ár á vettvangi Stjórnstöðvar ferðamála og Ferðamálastofu sem hafa í sameiningu leitt vinnuna við undirbúning og framkvæmd.

„Ég er mjög ánægð með að við skulum komin með samning um stóra og öfluga áfangastaðastofu á Suðurlandi en þar fer um verulega stór hluti ferðamanna sem hingað koma. Áfangastaðastofan mun starfa á grunni áfangastaðaáætlunar fyrir svæðið og ég er þess fullviss að hún muni stuðla að enn heildstæðari uppbyggingu ferðaþjónustunnar á svæðinu,“ segir Þórdís Kolbrún.

„Stofnun áfangastaðastofu í nánu samstarfi við Markaðsstofu Suðurlands mun auka á samstarf ríkis, sveitarfélaga og einkaaðila. Stofan mun styrkja undirstöður ferðaþjónustu sem er ein af grunnstoðum íslensks atvinnulífs. Vægi greinarinnar á Suðurlandi er mikið og hún hefur mikill áhrif á byggðaþróun. Með stofnun áfangastaðastofu er verið að efla stoðkerfi ferðaþjónustunnar á Suðurlandi, á forsendum heimamanna, enn frekar og gera þar með sunnlenskt samfélag betur búið undir að taka við innlendum sem erlendum ferðamönnum þegar kófinu lýkur. Ég er þess fullviss að þetta á eftir að verða samfélaginu á Suðurlandi til heilla,“ segir Ásgerður K. Gylfadóttir formaður Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála,- iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, undirrituðu samningin.

Áfangastaðastofur

Áfangastaðastofa er svæðisbundin þjónustueining á vegum opinberra aðila og einkaaðila sem hefur það meginhlutverk að styðja við ferðaþjónustu í viðkomandi landshluta og tryggja að hún þróist í takt við vilja heimamanna þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi.

Markmiðið með stofnun áfangastaðastofa er að efla stoðkerfi ferðaþjónustunnar og stuðla að jákvæðum framgangi hennar á viðkomandi landsvæði. Áfangastaðastofa starfar í umboði sveitarfélaga viðkomandi landsvæðis og er samstarfsvettvangur viðkomandi sveitarfélaga, ríkis og ferðaþjónustunnar.

Eitt meginverkefni áfangastaðastofu er að leggja fram áfangastaðaáætlun fyrir svæðið og tryggja að hún sé í samræmi við aðra lögbundna áætlanagerð og aðal- og deiliskipulag. Auk þess mun áfangastaðastofan m.a. hafa aðkomu að þarfagreiningu rannsókna og mælinga á landsvísu, stuðla að vöruþróun og nýsköpun, leggja mat á fræðsluþörf og sinna svæðisbundinni markaðssetningu. Áfangastaðastofa getur verið stofnuð á grundvelli núverandi markaðsstofa eða annarra starfseininga sem til staðar eru á viðkomandi landsvæði.

Lagt til að ráðist verði í frumhönnun og kostnaðarmat á frístundamiðstöð í Árborg

Á fundi Frístunda- og menningarnefndar var lögð fram skýrsla starfshóps um frístundamiðstöð í sveitarfélaginu Árborg ásamt tillögum um næstu skref. Frístunda- og menningarnefnd lagði á fundi sínum til við bæjarstjórn að samþykkja tillögur starfshópsins um að ráðist verði í frumhönnun og gerð kostnaðaráætlunar á byggingu frístundarmiðstöðvar á Selfossvelli líkt og fram kemur í skýrslunni. „Kostnaður við frumhönnun er áætlaður 28 milljónir og er óskað eftir viðauka við fjárhagsáætlun til verkefnisins. Að lokinni frumhönnun verði niðurstaðan lögð fyrir bæjarstjórn Árborgar til ákvörðunar um hvort ráðast skuli í byggingu á frístundamiðstöð.“

Eyravegur 5 víkur fyrir breyttu skipulagi

Húsnæðið þar sem Eyravegur fimm var síðast til húsa hefur nú verið rifið niður og fjarlægt. Það hefur þjónað sína daga og víkur nú fyrir nýju skipulagi miðbæjarins. Húsnæðið hefur hýst ýmsa starfsemi í gegnum árin. Meðal annars verslunina Ölfusá en nú síðast Nytjamarkaðinn.

ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAÐ GANGA

GARÐEIGENDUR OG STOFNANIR ATHUGIÐ
Nú er rétti tíminn til að klippa og snyrta tré og runna.
Fellum og fjarlægjum stór tré.
Við höfum tæki og fagmenn í verkið.
Sími 894 0444
bokkiehf@gmail.com
BOKKI GARÐAR

UNDRALAGNIR
ÖLL ALMENN PÍPULAGNINGAÞJÓNSTA
SÍMI 8484768
UNDRALAGNIR@GMAIL.COM
JÓN KARL LINDAL PÍPULAGNINGAMEISTARI

HARPA
ÚTFARARSTOFA
Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is

Harpa Heimisdóttir
842 0204

Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

Upplýsingaflæði til foreldra aukið vegna Stekkjaskóla

Á fundi eigna- og veitunefndar fór sviðsstjóri mannvirkja- og umhverfissviðs yfir stöðu mála varðandi færanlegar kennslustofur sem staðsettar verða í nágrenni Stekkjaskóla. Enn fremur segir í fundargerðinni: „Starfsmenn eru nú að vinna náið með skólasamfélaginu að innra og ytra skipulagi stofana með tilliti til aðbúnaðar starfsfólks og nemenda. Í því felst meðal annars hönnun innra sem ytra skipulags bygginga ásamt lóð, leiksvæðum og aðkomuleiðum. Öryggi nemenda, starfsfólks og foreldra er haft að leiðarljósi í þeirri vinnu.“

Eigna- og veitunefnd leggur áherslu á að foreldrar barnanna sem sækja munu skólann verði upplýstir um afrakstur vinnunnar. Nefndin telur heppilegt að foreldrar verði upplýstir vikulega um stöðu mála með fréttum á heimasíðu sveitarfélagsins.

Árborg verður móttökusveitarfélag fyrir flóttamenn

Félagsmálaráðuneytið hefur leitað til sveitarfélagsins Árborgar um að gerast móttökusveitarfélag við flóttafólk. Nú þegar eru nokkrir einstaklingar að þiggja þjónustu hjá sveitarfélaginu Árborg sem myndu falla innan verkefnisins.

Verkefnið miðar fyrst og fremst að einstaklingum sem búa nú þegar á Íslandi og hafa hlotið alþjóðlega vernd. Meirihluti mögulegra þátttakenda í verkefninu eru einstaklingar sem nú þegar dvelja á landinu. Með þátttöku í verkefninu er sveitarfélagið að tryggja öflugri og betri þjónustu við fólk af erlendum uppruna. Markmiðið er að aðlögunin verði sem farsælust, að einstaklingar aðlagist fyrr inn í samfélagið og að spornað sé við frekari félagslegum vandamálum. Jákvæð samlegðaráhrif farsællar aðlögunar í samfélagið er að einstaklingar þurfa síður aðstoð úr velferðarkerfinu til langs tíma auk þess sem að afleiddur kostnaður s.s. vegna skóla, félagsþjónustu, frístundar barna o.fl. ætti að vera minni með snemmtækum stuðningi og þjónustu.

Í fundargerð bæjarráðs kemur fram: „Beinn kostnaður sveitarfélagsins ætti að vera nánast enginn þar sem verkefnið stendur straum af launakostnaði sérfræðings og fær sveitarfélagið endurgreiddan útlagðan kostnað vegna þeirra sem falla undir verkefnið samkvæmt 15. gr laga um félagsþjónustu nr. 40/1991. Í dag eru starfsmenn innan félagsþjónustu að sinna þessum hópi og mun sérfræðingurinn taka þau verkefni auk þess sem ávinningur verður með aukinni þekkingu og samstarfi innan félagsþjónustu. Verkefnið er til reynslu í eitt ár og höfum við starfsmann sem er að ljúka störfum innan málaflokksins sem er tilbúinn að taka þetta verkefni að sér.“

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að Svf. Árborg gerist móttökusveitarfélag við flóttafólk með samningi við félagsmálaráðuneytið í samræmi við fyrirliggjandi kröfulýsingu.

ÁRBORGIR
FASTEIGNASALA
VEGNA MIKILLAR EFTIRSPURNAR VANTAR OKKUR ALLAR GERÐIR EIGNA Á SKRÁ
Ef þú ert í söluhugleiðingum hafðu þá samband í síma 482 4800 eða arborgir@arborgir.is.

Fjölmargir heimsóttu Nytjamarkaðinn í nýtt húsnæði

Fjölmargir lögðu leið sína á opnunarhátíð Nytjamarkaðarins á Selfossi, sem nú er fluttur í nýtt og glæsilegt húsnæði við Gagnheiðina. Fjölmargir lögðu hönd á plóg við flutningana og aðstandendur markaðarins í skýjunum með alla aðila sem komu að því að styðja við markaðinn. „Við þökkum Tómasi hjá Keyrsla.is fyrir vinnuna sem hann gaf okkur, Eimskip fyrir að lána okkur flutningabíl, Flóru fyrir lán á blómavögnum sem einfaldaði allan undirbúning, HP kökugerð fyrir að gefa bakkelsi til að bjóða uppá á opnunardeginum. Þá er ótalinn allur sá fjöldi sjálfboðaliða sem komu síðustu daga og vikur og gáfu af tíma sínum svo við gætum opnað markaðinn á ný.“

Útibússtjóri Íslandsbanka á Selfossi

Íslandsbanki er alhliða fjármálafyrirtæki sem þjónar breiðum hópi viðskiptavina. Útibúið á Selfossi er hluti af Viðskiptabanka og þjónar vaxandi hópi lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Útibússtjóri heyrir undir framkvæmdastjóra Viðskiptabanka og ber ábyrgð á viðskiptastjórnun í sínu nærumhverfi. Útibússtjóri hefur á að skipa starfsfólki með yfirgripsmikla sérþekkingu og reynslu.

Helstu verkefni

- Sölumál og öflun nýrra viðskiptavina
- Viðhalda samskiptum við núverandi viðskiptavini
- Undirbúningur, greining og vinnsla lánamála
- Dagleg stjórnun og starfsmannamál
- Kostnaðareftirlit og áætlunargerð
- Þróun og samræming ferla og vinnubragða

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun s.s. viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Áhugi og þekking á íslensku atvinnulífi
- Reynsla af stjórnun og sölustýringu
- Reynsla úr fjármálafyrirtækjum eða rekstri fyrirtækja
- Frumkvæði og samskiptahæfni

Nánari upplýsingar veitir Una Steinsdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptabanka sími 440 2880, una.steinsdottir@islandsbanki.is og Sigrún Ólafsdóttir á mannauðssviði, sími 844 4172, sigrun.olafs@islandsbanki.is

Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar nk.

Hjá Íslandsbanka starfa um 750 manns með ástríðu fyrir árangri. Við vinnum saman að lausnum fyrir viðskiptavini með fagmennsku að leiðarljósi. Starfsfólk Íslandsbanka leggur sig alltaf fram við að veita bestu bankaþjónustuna.

Íslandsbanki hefur staðist jafnlaunavottun og hlotið Jafnlaunamerki Velferðaráðuneytis.

Fyrsta skólastigið, hvar eru fjármunirnir frá ríkisvaldinu?

Í lögum um leikskóla segir, „Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Leikskóli annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri.“ Með lögum hefur Alþingi sett reglur um það hvernig umgjörð leikskóla skuli vera og hvað skuli þar fara fram og með hvaða hætti. Lögin segja með skýrum hætti að leikskólinn sé fyrsta skólastigið og felur síðan sveitarfélögum ábyrgðina á rekstri hans. En í lögunum segir einnig: „Sveitarfélög bera ábyrgð á starfsemi leikskóla. Sveitarfélög hafa forystu um að tryggja börnum leikskóladvöl og bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í leikskólum sveitarfélags, þróun einstakra leikskóla, húsnæði og búnaði leikskóla, sérúrræðum leikskóla, sérfræðiþjónustu, mati og eftirliti, öflun og miðlun upplýsinga og á framkvæmd leikskólastarfs í sveitarfélaginu.“

Fyrsta skólastigið

Með setningu þessara laga um leikskóla þá ákvað ríkisvaldið að leikskólinn væri fyrsta skólastigið og þar með er það búið að ramma þessa starfsemi inn líkt og gert var áður með grunnskóla landsins. Við yfirfærslu grunnskólanna til sveitarfélaganna, fylgdu með fjármunir frá ríki til sveitarfélaganna til að standa undir rekstri þeirra og framfylgja þeim lögum og reglum sem um þá eru. En við „óformlega“ yfirfærslu leikskólanna til sveitarfélaganna, með lagasetningu ríkisvaldsins og ákvörðun um að þeir væru fyrsta skólastigið, fylgdu ekki með neinir fjármunir. Það er löngu kominn tími á að ríkisvaldið veiti fjármunum til þessa málaflokks, í rekstri sveitarfélaganna, með því að veita sveitarfélögum á Íslandi, meiri hlutdeild í útsvars- og skatttekjum hins opinbera.

Hvað kostar rekstur leikskóla?

Rekstrarkostnaður leikskóla hjá sveitarfélögum á Íslandi hefur hækkað verulega á undanförnum árum, með auknum gæðum þjónustunnar og meiri kröfum um menntun leikskólabarna og faglegt starf. Í Sveitarfélaginu Árborg, árið 2019, var rekstrarkostnaður á hvert barn í leikskólum kr. 2.324.000 og hlutfall greiðslu foreldra, með leikskólagjöldum, í þeim kostnaði 14%. Fyrir ekki mörgum árum síðan var þetta hlutfall um 30%. Sveitarfélögin hafa mikinn metnað í þessum rekstri og að mennta okkar yngstu þegna og undirbúa þá fyrir lífið, ásamt foreldrum þeirra. En það er löngu tímabært að ríkisvaldið viðurkenni skyldu sína til að taka þátt í þessari menntun eins og annarri menntun í landinu.

Helgi Sigurður Haraldsson

bæjarfulltrúi Framsóknar og óháðra í Svf. Árborg

Fyrir hvern er leikskólinn?

Í daglegri umræðu kemur oft upp þessi spurning; fyrir hvern er leikskólinn, er hann fyrir barnið, foreldrana, vinnuveitendur eða aðra? Mikil umræða skapast á hverju ári um framkvæmd sumarleyfa í leikskólum. Í flestum sveitarfélögum er leikskólum lokað á meðan sumarleyfi leikskólakennara og annarra starfsmanna fer fram. Með nýjum kjarasamningum leikskólakennara eru þetta orðnir 30 dagar. Þetta kemur sér mjög illa fyrir marga foreldra og vinnuveitendur þeirra og vilja margir að þessum sumarlokunum verði hætt og skólarnir opnir allt árið. Þar togast á vilji foreldra og síðan leikskólakennara. Þar á milli eru síðan sveitarfélögin sem reka skólana og ákveða að endingu hvernig þessum málum skuli háttað. Það er ljóst að á milli allra þessara aðila þarf að fara fram enn meira samtal um það, fyrir hvern leikskólinn er og hvernig starfsemi hans fer fram.

Skákkennsla grunnskólakrakka

Skáknámskeið í Fischersetri

Sunnudaginn 14. feb. nk. kl. 11:00 hefst skáknámskeið fyrir grunnskólabörn í Fischersetri. Námskeiðið er haldið í samstarfi við Sveitarfélagið Árborg, Skákskóla Íslands og Skákfélag Selfoss og nágrennis. Helgi Ólafsson, stórmeistari og skólastjóri Skákskóla Íslands hefur yfirumsjón með kennslunni. Þetta verða 8 skipti eða einu sinni í viku og þá á sunnudögum frá kl. 11:00 – 12:30 og kostar allt námskeiðið 4000 kr. Varðandi frekari upplýsingar þá vinsamlegast hringið í síma 894 1275 eða sendið tölvupóst á netfangið fischersetur@gmail.com. *Fischersetrið á Selfossi.*

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegi 25, Selfossi, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag: 8700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnagátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Vinarkveðju vottur er ég.
Vel á meyjararmi fer ég.
Mann og konu saman sver ég.
Sokkinn niðurfalli ver ég.

Svar við gátu í blaði 2584: Skurður.
1. lína: Holskurður - 2. lína: Melskurður
3. lína: Framræsluskurður - 4. lína: Útskurður

Sunnlenski matgæðingurinn

Matgæðingur vikunnar er **Árni Sigfús Birgisson.**

Komið þið sæl, kæru lesendur. Ég vil byrja á því að þakka honum Bergi frænda mínum kærlega fyrir tilnefninguna. Sjálfur er ég mikill áhugamaður um eldamennsku og hef virkilega gaman af því að prufa mig áfram á því sviði. Það sem ég ætla að vera með á boðstólum er í forrétt hreindýra-carpaccio og aðalrétt nautasteik.

Hreindýra-carpaccio

Takið 200 g fillet-lund, kryddið með salti og pipar og steikið í olíu á vel heitri pönnu á öllum hliðum, þangað til kjötið er orðið fallega brúnt. Breiðið plastfilmu yfir og frystið í a.m.k. 4 klukkustundir. Takið kjötið úr frysti einni klukkustund áður en á að nota það og setjið í kæli. Skerið kjötið í þunnar sneiðar og berið fram með brómberjasósu og klettasalati og sáldrið síðast ferskum parmesan yfir.

Nautasteik

Nautalund með bearnaissósu er í miklu uppáhaldi hjá mér og hef ég þróað mína aðferð þannig að ég tek lund og læt hana standa í ísskáp í 4-5 daga áður en hún er elduð. Hita svo ofninn á 120-150°C, (fer eftir því hvað ég hef mikinn tíma) kem kjötinu upp í 49°C á kjöthitamæli og tek þá steikina út og læt handa standa á borðinu í u.þ.b. 10 mínútur. Tek hana síðan annað hvort á grillið eða á heita pönnu og snöggsteiki á öllum hliðum upp úr íslensku smjöri.

Bearnaissósa

225 – 250 g smjör
4 eggjarauður
1 – 1½ msk. bearnaise-essence
1 – 1½ tsk. estragon
(1½ msk. ferskt)
1 tsk. kjötkraftur
(fljótandi eða duft)

Smjörið er brætt við vægan hita og best er að setja kraftinn út í smjörið á meðan það bráðnar. Næst eru eggjarauðurnar þeyttar þangað til þær verða fallega kremaðar og volgu smjörinu þá bætt varlega saman við. Ef þetta virðist ætla að takast hjá ykkur og sósan er ekki farin að skilja sig þá er estragoni, essenceinu og smá salti og pipar bætt út í.

Sjálfum finnst mér æðislega gott að hafa franskar kartöflur með steikinni en það er að sjálfsögðu val hvers og eins. Verði ykkur að góðu.

Ég ætla að skora á **Sævar Örn Sigurvinsson** rófubónda, hestamann og sælkera með meiru að vera næsti matgæðingur.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Sex vikna lokun í leikskólum Árborgar

Leikskólinn Brimver á Eyrarbakka

Á fundi fræðslunefndar var samþykkt að sumarlokanir leikskóla Árborgar hefjist þann 29. júní og verði fram til 9. ágúst. Tillagan var samþykkt samhljóða.

VIÐREISN

VERTU MEÐ Í **VIÐREISN ÍSLANDS**

Veistu hvernig Ísland getur orðið betra? Langar þig að hafa áhrif? Viðreisn er lausnamiðaður flokkur sem leitar sátta í stað sundrungar, með almannahag að leiðarljósi. Við vitum að það býr styrkur í fjölbreytileika og því leggjum við áherslu á að framboðslisti okkar í **Suðurkjördæmi** sé skipaður fólki á öllum aldri, með fjölbreytta reynslu og þekkingu, af ólíkum uppruna og öllum kynjum.

Hefur þú áhuga á að taka þátt í skemmtilegu málefnastarfi með frábæru fólki? Taka þátt í kosningabaráttu eða langar þig í framboð? Sendu okkur þá línu á **sudur@vidreisn.is** fyrir 25. febrúar nk. og við munum hafa samband.

TAKE PART IN ICELAND'S REFORM

Do you know how Iceland can improve and would you like to make a difference? Viðreisn (The Liberal Reform Party) is a solution-oriented party that aims to seek reconciliation instead of division, with public interest at the forefront. We know that there is strength in diversity and therefore we strive for a list of candidates in the **southern constituency of Iceland**, composed of people of all ages, with diverse experience and knowledge, of different backgrounds and of all genders.

Are you interested in working on exciting political issues along with great people? Taking part in an election campaign or even run for parliament? E-mail us at **sudur@vidreisn.is** before February 25th and we'll be in touch.

WEŹ UDZIAŁ W ODNOWIE ISLANDII

Masz pomysł, w jaki sposób ulepszyć Islandię i chciał(a)byś mieć na to wpływ? Viðreisn (Odnowa) jest partią zorientowaną na cel, która szuka porozumienia zamiast różnic, kierując się interesem publicznym. Wiemy, że w różnorodności leży siła, kładziemy więc nacisk, by nasza lista wyborcza w **Suðurkjördæmi** składała się z osób w różnym wieku, posiadających urozmaiconą wiedzę i doświadczenie, o zróżnicowanym pochodzeniu oraz różnej płci.

Chcesz uczestniczyć w ciekawej pracy ze wspaniałymi ludźmi? Myślisz o kandydowaniu lub udziale w kampanii wyborczej? Jeśli tak, wyślij nam wiadomość na adres **sudur@vidreisn.is**, przed 25 lutego i będziemy w kontakcie!

SAMFÉLAG SNÝST UM FÓLK.
EKKI KERFI.

BÍLTAK EHF
Smurþjónusta - Almennar viðgerðir - Hjólastilling

ER KOMINN TÍMI Á AÐ SKIPTA UM OLÍU Á SJÁLFSKIPTINGUNNI?

Við hjá Bíltak sjáum um það með Power Flush vélinni frá Kroon Oil

KROON-OIL POWERFLUSH

Í samstarfi við Bílanaust KROON OIL

Bíltak s: 482 3066
Hellismýri 1, 800 Selfoss **biltak@simnet.is**

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðfinna Sveinsdóttir,
Garðafelli, Eyrarbakka,

lést á Sólvöllum á Eyrarbakka að morgni miðvikudags 10. febrúar.

Trausti Sigurðsson **Sigríður Sæmundsdóttir**
Viðar Sigurðsson **Guðbjörg Bjarnadóttir**
Soffía A. Jóhannsdóttir
Dísa Sigurðardóttir
Eygló Alda Sigurðard. Sigvard Hammer Sigurðss.

barnabörn og barnabarnabörn

†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra föður, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,

Sigurðar Ólafssonar,
mjólkurfræðings frá Snælandi Selfossi.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hjúkrunarheimilisins Ljósheima fyrir góða umönnun.

Guðmundur Sigurðsson **Bergljót Þorsteinsdóttir**
Ólafur Sigurðsson **Kristín Björnsdóttir**
Guðrún I. Sigurðardóttir **Sigurjón Þórðarson**
Einar Þorbjörnsson **Sigrún Erlendsdóttir**

barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Sveinsína Guðmundsdóttir,
síðast til heimilis á Dvalarheimilinu Lundi á Hellu,

verður jarðsungin frá Selfosskirkju föstudaginn 19. febrúar kl. 14. Jarðsett verður í Stokkseyrarkirkjugarði.
Vegna aðstæðna í samfélaginu verður einungis stórfjöldskyldan viðstödd.
Streymt verður frá athöfninni á selfosskirkja.is.

Ólafía Ingólfsdóttir **Guðmundur Elíasson**
Gróa Ingólfsdóttir
Kristinn Karl Ægisson **Hrönn Baldursdóttir**
Guðrún Breiðfjörð Ægisd. **Kjartan Jóhannsson**
Friðleifur Valdimar Ægisson
Fjóla Breiðfjörð Ægisd. **Þorsteinn Þorvaldsson**
Guðmundur Breiðfjörð Ægiss. **Annemarie Ægiss.**
Björg Elísabet Ægisdóttir **Björg Þorkelsdóttir**

og fjölskyldur.

Hermann Ágúst - Minningarorð

† Einn af traustustu félögum Karlakórs Selfoss til margra ára er fallinn frá og með örfáum orðum vil ég minnast góðs félaga.

Hermann Ágúst fæddist 9. ágúst 1933 á Hlemmiskeiði á Skeiðum og þar ólst hann upp. Hann lést á hjúkrunarheimilinu Fossheimum á Selfossi 3. janúar 2021. Hermann kvæntist 26. desember 1962 Guðmundu Auði Auðunsdóttur og eiga þau fjögur börn.

Hermann söng með Karlakór Selfoss í 50 ár og var þar ætíð virkur félagi og fús til verka ef svo bar undir. Hann gegndi m.a. formennsku í Karlakórnum á árunum 1983-1985, og var síðar gerður að heiðursfélaga kórsins. Á formennskuárum Hermanns var starf kórsins öflugt og farið var í skemmtilega söngferð til Færeyja sumarið 1985, var sú ferð eftirminnileg þeim sem fóru utan, slíkar voru móttökur frænda okkar. Þetta ár var einmitt 20 ára afmælisár kórsins og nýtt sérhannað merki Karlakórs Selfoss var afhent á hátíðarkvöldverði á sumardaginn fyrsta, en eiginkvennaklúbbur karlakórsins hafði forgöngu um gerð merkisins, sem Sigríður Svava Gestsdóttir hannaði.

Hermanni var ætíð umhugað um framgang kórsins, söng í I. bassa og skilaði sínu hlutverki vel, hann hafði áheyrilega rödd og sérlega góða nærveru, og hann tók ekki einasta þátt í söngnum, heldur sinnti hann ýmsum öðrum störfum, eins og að annast um áratugaskeið mætingaskrá söngfélaganna. Var það ætíð spennandi á hverju vori þegar Hemmi stóð upp og greindi frá hverjir höfðu sýnt bestu mætingar á liðnum vetri, voru viðkomandi söngmenn verðlaunaðir. Skemmtilegt gat verið þegar félagar mættu á æfingar að sumir gerðu sér far um að Hemmi veitti því athygli að þeir væru mættir. Við kórastarfið naut hann óskoraðs stuðnings konu sinnar Guðmundu Auðar Auðunsdóttur og hún tók einnig virkan þátt í störfum Eiginkvennaklúbbs Karlakórs Selfoss.

Á rúmlega fimmtíu og fimm ára starfsferli Karlakórs Selfoss

hefur kórinn átt því láni að fagna að hafa átt marga hæfa söngmenn og framúrskarandi félagsmálamenn innan raða sinna. Einn af þessum öndvegis félögum var Hermann Ágúst. Á skilnaðarstund er Hermanni Ágústi þökkuð einstaklega ljúf samvera sem félögunum í Karlakór Selfoss verður ætíð minnisstæð. Eiginkonu hans, börnum og öðrum aðstandendum sendum við innilegar samúðarkveðjur.

Valdimar Bragason,
fyrrverandi formaður
Karlakórs Selfoss.

Kirkjan okkar í Covid-19

Það hefur ekki farið fram hjá nokkrum manni hvað kórónuveiran hefur haft víðtæk áhrif á líf okkar og umhverfi. Í Selfosskirkju eins og í öðrum kirkjum landsins hefur covid-faraldurinn valdið töluverðum óþægindum. Allt safnaðarstarf hefur verið í lágmarki og kirkjulegar athafnir ýmist verið frestað eða haldnar við miklar skerðingar viðstaddra. Það var reyndar aðdáunarvert að sjá hvernig prestar Selfosskirkju náðu að bregðast við aðstæðum, (takmörkunum), við að ferma yfir eitthundrað börn á sl. ári. En með góðri skipulagningu og hjálp aðstandenda fermingarbarnanna tókst það nokkuð vel. Vonandi erum við sem þjóð á réttri leið í baráttuni gegn veirunni og horfum vonandi fram á bjartari tíma. Þegar þetta er ritað hefur verið rýmkað til með fjöldatakmarkanir í kirkjum landsins. Nú er 150 manns heimilt að mæta.

Æskulýðsstarfið hafið á ný í Selfosskirkju

Í Selfosskirkju hefur náðst að byggja upp mjög öflugt og gott æskulýðsstarf innan kirkjunnar, hefur Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir æskulýðsfulltrúi borið hitann og þungann af því starfi. Um áramótin hætti hún störfum hjá Selfosskirkju, um leið og henni eru þökkuð góð störf er henni óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi. Ráðinn hefur verið nýr æskulýðsfulltrúi til Selfosskirkju, Sjöfn Þórarinsdóttir. Er hún boðin velkomin til starfa. Núna við breyttar og betri aðstæður (vegna covid) er hafið mjög öflugt og spennandi æskulýðsstarf undir stjórn Sjafnar. Vakin er athygli á því að hér er um að ræða fjölbreytt og gefandi starf fyrir börn og unglinga á aldrinum 6-15 ára. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu kirkjunnar. Þá má geta þess að í Selfosskirkju eru starfandi bæði barna- og unglingakórar sem opnar börnum og unglingum möguleika á að taka þátt í þjálfun og skemmtilegum söng.

Sameining prestakalla

Selfossprestakall og Eyrarbakkaprestakall voru sameinuð frá og með 1. okt. 2020. Með sameiningu verða 7 kirkjur í hinu nýja sameinaða prestakalli. Kirkjurnar eru, Selfosskirkja, Laugardælakirkja, Hraungerðiskirkja, Villingaholtskirkja, Gaulverjabæjarkirkja, Stokkseyrarkirkja og Eyrarbakkakirkja. Prestarnir þrír þau sr. Guðbjörg Arnardóttir, sóknarprestur og prestarnir sr. Gunnar Jóhannesson og sr. Arnaldur Bárðarson munu þjóna í kirkjunum í nýja prestakallinu. Áfram starfa sóknarnefndirnar í hverri kirkju. Megin tilgangur með sameiningu er að jafna þjónustu við sóknarbörnin og dreifa álaginu á milli prestanna. Einnig mun sameiningin auka samstarf prestanna og bjóða uppá breytileika í þjónustu fyrir kirkjugesti.

Selfosskirkja 65 ára

Á þessu ári eru 65 ár síðan Selfosskirkja var vígð, var það á pálmasunnudag 25. mars 1956. Frá þeim tíma hefur nokkrum sinnum verið byggt við kirkjuna. Það var Bjarni Pálsson sem teiknaði kirkjuna á sínum tíma og Guðmundur Sveinsson var byggingarmeistari. Fyrsti presturinn var sr. Sigurður Pálsson, en alls hafa 9 prestar þjónað í kirkjunni. Selfosskirkja er sannkölluð staðarprýði þar sem hún stendur á bökkum Ölfusár og blasir við öllum sem til staðarins koma.

Aðalsafnaðarfundur

Framundan er aðalsafnaðarfundur Selfosskirkju, verður hann haldinn þriðjudaginn 2. mars nk. í safnaðarheimilinu. Á fundinum verður greint frá sarfinu á sl. ári og teknar ákvarðanir um framkvæmdir á komandi ári. En á sl. ári var lagt upp með sparnað og aðhald í rekstri sem tókst að fylgja. Á árinu er fyrirhugað að fara í fjárfreka viðhaldsaðgerðir.

Að öðru leyti verða venjuleg aðalfundarstörf, m.a. kosið í stjórn, 4 aðalmenn og 4 til vara. Það er von okkar að einhverjir gefi sér tíma til að mæta.

Björn Ingi Gíslason,
formaður sóknarnefndar.

Hef mikinn áhuga á bókum sem eru ljóðrænar og sjónrænar

-segir lestrarhesturinn Kristín Scheving

Kristín Scheving er safnstjóri Listasafns Árnesinga í Hveragerði og býr á Eyrarbakka með manni sínum og fjórum strákum. Hún menntaði sig í myndlist í Frakklandi og Bretlandi og bjó einnig um tíma í Berlín og á Suður-Ítalíu. Hún vann áður sem deildarstjóri hjá Listasafni Íslands og hefur bæði unnið sem sýningarstjóri og verkefnastjóri fyrir ýmis verkefni innanlands og utanlands.

Kristín Scheving.

Hvaða bók ertu að lesa núna?
Núna er ég að lesa bókina *Handiwork* sem Sara Baume skrifaði. Það var Helen vinkona mín í London sem gaf mér hana í jólagjöf. Bókin fjallar um nálgun listamannsins á daglegu lífi og er virkilega áhugaverð. Hún skannar bæði fortíð og samtíð, tengir á milli þess sem forfeður og mæður gerðu og hvernig þau lifðu og hvað listamaðurinn gerir í sínu daglegu lífi og hvernig hann lifir. Einnig bíður mín önnur bók sem ég fékk frá samstarfskonu minni henni Zsóku sem heitir *Dyrnar* eftir Mögdu Szabó sem ég hlakka mikið til að lesa. Síðasta íslenska bókin sem ég las var skáldsagan *Dýralíf* eftir Auði Övu Ólafsdóttur en það gerði ég um jólin og naut þess mikið.

Hvers konar bækur höfða helst til þín?
Ég les allskyns bækur en hef mikinn áhuga á bókum sem eru ljóðrænar og sjónrænar. Held að mín uppáhaldsbók sé *Vasabók* eftir Pétur Gunnarsson. Blanda af daglegu lífi og ljóðrænum hugsunum og pælingum um lífið. Hún er sögð vera lofsöngur til augnabliksins. Það er svona svipaðar pælingar sem höfða mest til mín í myndlist.

Ertu alin upp við lestur bóka?
Ég las mjög mikið sem barn, var eiginlega alltaf að lesa. Las allt sem ég fann í sveitinni hjá ömmu og heima líka. Ég var mjög hrifin af *Dísu ljósálfi*, var eiginlega lengi að ná mér eftir að hafa lesið hana sem barn. Einnig las ég öll *Grimmsævintýrin* og Fimm bækurnar eftir Enyd Blyton og svo framvegis. Jú og svo man ég þegar að ég fékk *Dagbók Önnu Frank* en sú bók hafði mikil áhrif á mig. Sem unglingur lásum við vinkonurnar að sjálfsögðu allar *Ísfólks* bækurnar.

Hvernig myndir þú lýsa lestravenjum þinum?
Ég er sílesandi. Kannski ekki alltaf bækur heldur einnig sýningarskrár og allskyns rit sem tengjast myndlist. Ég tek einnig svona tímabil þar sem ég les mikið og svo les ég kannski ekki eins mikið í einhvern tíma.

Áttu þér uppáhalds höfund?
Þegar kemur að uppáhaldshöfundi koma margir í hugann. En ég held að ég verði að nefna nokkra íslenska eins og Guðrúnu Evu Mínervudóttur, Oddnýju Eir Ævarsdóttur og Þórberg Þórðarson. Þau snerta öll einhverja djúpa taug inni í mér.

Hefur bók rænt þig svefni?
Núna nýlega já. Ég fékk fyrir ári síðan bók Sally Magnússon um Tyrkjaránið í Vestmannaeyjum sem heitir *The Sealswoman´s gift*. Ég gat eiginlega ekki hætt að lesa hana. Núna kaupi ég hana alls staðar þar sem ég sé hana og sendi vinkonum búsettum út um allan heim.

En að lokum Kristín, hvernig bækur myndir þú skrifa sem skáld eða rithöfundur?
Ég hef verið að skrifa mínar eigin bækur síðastliðinn áratug sem eru einskonar blanda af teikningum og ljóðrænum stuttum sögum um lífið og tilveruna og hver veit nema að ég gefi einhverja þeirra út einn daginn.

Lestrarhestur númer 109.
Umsjón; Jón Özur Snorrason.

BÓKABÆIRNIR AUSTANFJALLS

82%
Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku

Sveitarfélagið ÁRBORG

Laus störf á Mannvirkja- og umhverfissviði

Tækjamaður í þjónustumiðstöð

Tækjamaður er hluti af öflugu teymi þjónustumiðstöðvar Árborgar sem sér um allan rekstur, umhirðu og viðhald á landi sveitarfélagsins. Meðal verkefna þjónustumiðstöðvar er garðyrkja, hreinsun, gatnaviðhald og vetrarþjónusta auk viðhalds og minni háttar nýframkvæmda og ýmissa tilfallandi verkefna vegna þjónustu við íbúa, stofnanir og fyrirtæki sveitarfélagsins.

Um er að ræða 100% starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst eða eftir nánari samkomulagi. Við leitum að kraftmiklum og drífandi einstaklingi með áhuga á vinnuvélum og tækjum.

Helstu verkefni
- Stjórnun stærri tækja/þungavinnuvéla, s.s. gröfu, vörubíla, krana og snjóruðningstækja
- Viðhald og hreinsun á götum, gangstéttum, bifreiðastæðum og umhverfi stofnana
- Vetrarþjónusta
- Önnur tilfallandi verkefni á þjónustumiðstöð

Kröfur um menntun og hæfni
- Próf á stærri vinnuvélar og bílpróf skilyrði
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Líkamlegir burðir til að sinna erfiðisvinnu

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns eru hvattir til að sækja um starfið. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.
Nánari upplýsingar veitir Grétar Ingi Árnason, verkstjóri þjónustumiðstöðvar, í síma 480 1500 eða í gegnum tölvupóst: thjonustumidstod@arborg.is. Eingöngu er hægt að sækja um starfið á ráðningarvef sveitarfélagsins.

Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar 2021.

Iðnaðarmaður í þjónustumiðstöð

Mannvirkja- og umhverfissvið Árborgar leitar að kraftmiklum og drífandi einstaklingi í góðan hóp starfsmanna þjónustumiðstöðvar. Iðnaðarmaður í þjónustumiðstöð er hluti af öflugu teymi sem sér um allan rekstur, umhirðu og viðhald á landi og fasteignum sveitarfélagsins. Meðal verkefna teymisins er viðhald á eignum sveitarfélagsins, minni háttar nýframkvæmdir ásamt ýmsum tilfallandi verkefnum vegna þjónustu við íbúa, stofnanir og fyrirtæki sveitarfélagsins.

Um er að ræða 100% starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

Helstu verkefni
- Umsjón með viðhaldsframkvæmdum í umboði þjónustufulltrúa eignadeildar
- Allt almennt viðhald sem fylgir fasteignum
- Viðhald leiktækja
- Viðhald götugagna s.s bekkja
- Önnur tilfallandi verkefni sem heyra undir þjónustumiðstöð

Kröfur um menntun og hæfi
- Sveinsbréf í trésmíðum, meistararéttindi er kostur
- Hæfni og reynsla til að bregðast við ófyrirséðum tilfallandi verkefnum tengdum viðhaldi fasteigna
- Ökuréttindi, meirapróf æskilegt
- Hæfni og geta til að meta ástand fasteigna ásamt því að leiðbeina og aðstoða aðra fagmenn um viðhaldsþörf
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns eru hvattir til að sækja um starfið. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.
Nánari upplýsingar veitir Grétar Ingi Árnason verkstjóri þjónustumiðstöðvar, í síma 480 1500 eða í gegnum tölvupóst: thjonustumidstod@arborg.is. Eingöngu er hægt að sækja um starfið á ráðningarvef sveitarfélagsins.

Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar 2021.

íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Fyrsti sigur Selfyssinga í borðtennis

BORÐTENNIS Selfyssingurinn Eyþór Birnir Stefánsson vann fyrsta sigur Umf. Selfoss á móti í aldursflokkamótaröð BTÍ, og líklega fyrsta sigur Umf. Selfoss á borðtennismóti á vegum BTÍ, þegar hann sigraði í sveinaflokki á aldursflokkamóti KR. Mótið var haldið í Íþróttahúsi Hagaskóla laugardaginn 6. febrúar og voru skráðir keppendur 62 talsins frá BH, Garpi, HK, KR, Umf. Selfoss og Víkingi.

Æfingar á vegum borðtennisnefndar Umf. Selfoss fara fram í Fjallasal Sunnulækjarskóla á Selfossi. Spilað er á fimm borðum tvisvar í viku, miðvikudaga og föstudaga kl. 17:30-19:00. Aldur er miðaður að 5. -10. bekk grunnskóla.

Það er mjög gaman að spila borðtennis og æfingarnar henta vel byrjendum sem lengra komnum. Það er mjög gaman að taka þátt í borðtennismótum en það er samt engin skylda. Aðalmarkmiðið er að hafa gaman af því að spila og taka þátt. Nóg rými fyrir byrjendur. Það eru lánsspaðar fyrir þá sem vilja prófa.

Nánari upplýsingar veitir Stefán Sverrisson í síma 612 9566 eða netfangið stefan.sverrisson@gmail.com.

Skin og skúrir í handboltanum

HANDBOLTI Selfyssingar léku tvo leiki í Olís-deildinni í seinustu viku. Liðið gerði góða ferð í höfuðstaðinn á fimmtudag og sigraði ÍR örugglega í Austurbergi 18-28. Á sunnudag fóru þeir í Safamýrina þar sem heimamenn í Fram höfðu betur 27-25.

Gegn ÍR var ljóst strax frá upphafi að Selfyssingar ætluðu sér að klára verkefnið af miklum krafti, skoruðu fyrstu fjögur mörkin og Breiðhyltingar sáu ekki til sólar eftir það. Í Safamýri var baráttan um stigin tvö jöfn allan tímann, mestur varð munurinn tvö mörk en að lokum sigldu heimamenn fram úr.

Stelpurnar töpuðu stórt gegn ÍR-ingum þegar liðin mættust í Grill 66-deildinni í Hleðsluhöllinni á sunnudag, lokatölur 16-31. Leikurinn var jafn fyrstu mínútur leiksins en eftir það sigldu gestirnir fram úr og leikurinn bauð ekki upp á mikla spennu.

Sigurður Þór félagi ársins

UMF. SELFOSS Á aðalfundi Umf. Selfoss árið 2020, þar sem árið 2019 var gert upp og tókst loks að halda í fjarfundi miðvikudaginn 16. desember síðastliðinn, var tilkynnt að Sigurður Þór Ástráðsson hlyti Björns Blöndal bikarinn sem félagi ársins hjá Umf. Selfoss árið 2019.

Siggi Þór er einn dyggasti stuðningsmaður Umf. Selfoss og mætir á alla heimaleiki hvort sem er í handbolta eða fótbolta. Hann er auk þess virkur í heimaleikjaráði handboltans og keyrir handboltastrákana okkar í alla útileiki.

Það var við hæfi að Guðmundur Hólmar Helgason, leikmaður Umf. Selfoss, afhenti Sigga Þór viðurkenninguna áður en hann keyrði strákana í leikinn gegn Fram á sunnudag.

Við óskum Sigurði Þór til hamingju með viðurkenninguna um leið og við þökkum honum fyrir afar fórnfúst og gott starf fyrir félagið.

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar eftirfarandi tillögur að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Ystabæliskot – Deiliskipulagstillaga
Tillagan tekur til afmörkunar fimm íbúðarlóða sem hver um sig er ca. 3,4 ha. Á hverri lóð verður heimilt að byggja allt að fimm hús með heildarbyggingarmagni allt að 450 m^2.

Skóla- og íþróttasvæði á Hvolsvelli – Deiliskipulagstillaga
Tillagan tekur til svæðis sem er um 13 ha að stærð. Svæðið afmarkast til austurs af Vallarbraut, íbúðarbyggð við Njáls- og Gunnarsgerði, Norðurgarði, Öldugerði og Litlagerði og til suðurs að miðsvæði Hvolsvallar. Norðan og vestan við svæðið er óbyggt landsvæði. Meginmarkmið skipulagsins er að skilgreina lóðir fyrir íþrótta-, skóla- og leikskólastarfemi. Gert er ráð fyrir að skilgreina nýja lóð fyrir 8-10 deilda leikskóla auk byggingarreits fyrir fjölnota íþróttahús og mögulegar stækkanir á grunnskóla, sundlaugarsvæði og íþróttahúsi. Endurskilgreina á Vallarbraut og aðkomu að grunnskólanum m.t.t. umferðaröryggis, auk þess sem stígakerfi og bílastæði verða endurskilgreind..

Ofangreindar deiliskipulagstillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, www.hvolsvollur.is og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 17. febrúar 2021. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillöguna, og er frestur til að skila inn athugasemd til 31. mars 2021. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra,
Guðmundur Úlfar Gíslason, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi

Auglýst er eftir framboðum til prófkjörs Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi 29. maí nk.

Framboðsfrestur er til 8. apríl kl. 15:30. Tekið er við framboðum á skrifstofu Sjálfstæðisflokksins að Háaleitisbraut 1 í Reykjavík og rafrænt (innskannað) á frambod@xd.is

Framboð skal vera bundið við flokksfélaga, enda liggi fyrir skrifleg yfirlýsing um framboð viðkomandi. Framboði þurfa auk þess að fylgja meðmæli 20-40 flokksfélaga úr kjördæminu.

Eyðublöð fyrir framboð, skipulags- og prófkjörsreglur Sjálfstæðisflokksins auk nánari upplýsinga um prófkjörið er hægt að nálgast á skrifstofu flokksins og á heimasíðu www.xd.is

Kjörnefnd

D

Auglýst er eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð Suðurlands

Menningarverkefni

Bætt **menning, velferð** og **samstarf** svo lífsgæði eflist og mannlíf á Suðurlandi blómstri

Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Öflugt atvinnulíf á Suðurlandi með aukinni **nýsköpun**, bættri **framleiðni** og fleiri fyrirtækjum

Kynnið ykkur **áherslur** og **úthlutunarreglur** sjóðsins á *www.sass.is*

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT
ÞRIÐJUDAGINN 2. MARS, KL. 16:00

RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND
Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland.
Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð við gerð umsókna.

STYRKIR@SASS.IS **S. 480-8200** **WWW.SASS.IS**

Uppbyggingarsjóður er hluti af
SÓKNARÁÆTLUN SUÐURLANDS

SASS
SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Aðalfundur Rauða krossins í Árnessýslu

Aðalfundur Rauðakrossdeildar Árnessýslu verður haldinn
þriðjudaginn 2. mars kl. 18.00
að Eyravegi 23, húsnæði Rauða krossins
ef reglur um sóttvarnir leyfa.

Að öðrum kosti verður fundurinn haldinn í fjarfundi sama dag og á sama tíma. Vinsamlega fylgist með á heimasíðu Rauða krossins undir viðburðir.

Dagskrá fundarins:
1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar um starf deildarinnar á liðnu starfsári.
3. Áritaður og skoðaður ársreikningur lagður fram til afgreiðslu.
4. Framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár lagðar fram til kynningar.
5. Innsendar tillögur skv. 6. mgr. 21. gr.
6. Kosning deildarstjórnar skv. 21. og 22. gr.
7. Kosning skoðunarmanna og varamanna þeirra. skv. 22. gr.
8. Önnur mál.

Kjörgengir í stjórn og atkvæðarétt hafa allir félagar, 18 ára og eldri, sem greiddu **félagsgjöld fyrir árslok 2020**. Fundurinn er opinn öllum félagsmönnum og sjálfboðaliðum með sjálfboðaliðasamning.

Grímuskylda er á staðfundi

Stjórnin

Rauði krossinn

PÁSKAR 2021

FOSS

Kæru félagsmenn FOSS

Fimmtudaginn 18. febrúar verður opnað fyrir umsóknir á sumarhúsum og íbúðum FOSS um páskana. Opnunin er punktastýrð. Punktastýrð úthlutun fer eftir orlofspunktaeign félaga. Á hverju tímabili gildir reglan; „fyrstur kemur, fyrstur fær“.

Úthlutun opnar þessa daga:
17. febrúar 400 – 1.000 punktar
19. febrúar 250 – 1.000 punktar
22. febrúar 150 – 1.000 punktar
24. febrúar opnað fyrir alla félagsmenn óháð punktastöðu

Húsin sem eru í boði:
Skógarsel
Munaðarnes, hús 13
Akureyri
Reykjavík, Klapparstígur
Reykjavík, Ásholt
Stykkishólmur

Orlofsnefnd

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl.11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
S. 482 1944
dfs@dfs.is

BÍLAR

KLETTUR Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
Hjólastillingar
HEKLA
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar – Réttingar
Bílamálun – Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

LJÓSMYNDA PRENTUN
Allar algengustu stærðirnar
prentmet ODDI heildarlausnir í prentun
Sími 482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is

HEILSA

Nudd – Svæðanudd
Dáleiðsla
Augnlestur og heilsuráðgjöf
Einföld en áhrifarík ráð við ýmsum heilsuvandamálum
Alla fimmtudaga í Heilsulindinni Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.
Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

Vanhugsað innflytjendafrumvarp

Félagsmálaráðherra Framsóknar hefur lagt fram á Alþingi frumvarp um málefni innflytjenda. Megin tilgangur frumvarpsins er að samræma móttöku flóttafólks. Í greinargerð með frumvarpinu er setning sem vekur athygli en þar segir: „Með samræmdu móttökukerfi er unnið að því að tryggja flóttafólki jafna þjónustu óháð því hvernig það kemur til landsins.“ Hér þarf að staldra við og skoða hvað þetta þýðir í reynd. Frumvarpið var lagt fram á Alþingi á síðasta ári en hlaut ekki afgreiðslu. Ljóst er að ríkisstjórnin ætlar sér að koma málinu í gegnum þingið fyrir kosningar. Í umræðunni spurði ég ráðherra hvort að með þessu frumvarpi væri enginn greinarmunur gerður á kvótaflóttamönnum og hælisleitendum sem fá dvalarleyfi, þegar kemur að þjónustu. Svaraði ráðherra því að þeir myndu fá sömu þjónustu.

Kvótaflóttamenn og hælisleitendur ekki það sama

Verði frumvarpið að lögum munu hælisleitendur með dvalarleyfi og kvótaflóttamenn fá sömu þjónustu. Hér er um grundvallarbreytingu að ræða sem mun hafa veruleg aukin fjárútlát í för með sér fyrir ríkissjóð. Á síðasta ári tók Ísland á móti 85 kvótaflóttamönnum en 631 hælisleitandi fékk dvalarleyfi. Meðalkostnaður vegna móttöku kvótaflóttafólks fyrir einhleypa er um 6 milljónir á ári. Það er sérkennilegt að yfirfæra réttindi kvótaflóttafólks yfir á hælisleitendur. Þetta er tvennt ólíkt. Fólk sem við samþykkjum að taka við og sjá um og síðan fólk sem kemur hingað á eigin vegum, sem ekki er ljóst hvort að uppfyllir alþjóðleg skilyrði þess að vera flóttamenn.

Ísland þekkt fyrir bestu þjónustuna

Hér eru nokkur dæmi um þjónustuna sem yrði þá í boði fyrir hælisleitendur: Greidd er framfærsla í eitt ár, desemberuppbót og barnabætur í eitt ár. Greitt er fyrir leikskóla, 100 þúsund á mánuði í 11 mánuði, skólamáltíðir í 9 mánuði, frístundaheimili í 9 mánuði, styrk við skólabyrjun og eingreiðslu fyrir íþróttir og tómstundir. Meðlag í 2 mánuði. Framhaldsskóli í 2 annir. Heilbrigðisþjónusta og lyf í 6 mánuði. Tannlæknir 115 þúsund. Sálfræðiþjónusta fyrir 264 þúsund per einstakling og önnur sérfræðileg ráðgjöf í 12 mánuði. Stuðningur heim er greiddur, um 100 þúsund á fjölskyldu. Handleiðsla starfsmanna er greidd, 390 þúsund á fjölskyldu. Túlkaþjónusta, 270 þúsund á fjölskyldu. Húsaleiga í 2 mánuði og húsnæðisbætur sveitarfélags í 12 mánuði. Gleraugu 30 þúsund. Sími og internet í 1 mánuð. Strætókort. Einnig gera stjórnvöld samning við Rauða krossinn um þjónustu. Nemur kostnaðurinn um 600 þúsund á einstakling og er það viðbót við það sem að framan greinir.

Birgir Þórarinsson
höfundur er þingmaður Miðflokksins og situr í fjárlaganefnd Alþingis.

Fjöldi umsókna um hæli á Íslandi myndi margfaldast

Íslendingar hafa tekið vel á móti kvótaflóttamönnum en þeir koma iðulega frá stríðshrjáðum löndum. Við eigum áfram að sinna þessum hópi vel og aðstoða við aðlögun þeirra í íslenskt samfélag. Hafa ber þó í huga að fyrir hvern einn flóttamann sem hingað kemur er hægt að aðstoða 12 á heimaslóðum. Með því að veita hælisleitendum og kvótaflóttamönnum sömu þjónustu er gengið of langt. Skilaboðin berast hratt út í heim og viðbúið er að umsóknir um hæli á Íslandi muni margfaldast og skipta þúsundum á skömmum tíma. Enda Ísland þekkt fyrir að veita eina bestu þjónustuna í málaflokknum. Dómsmálaráðuneytið hefur gefið það út að fjöldi umsækjenda um alþjóðlega vernd á Íslandi sé orðinn einn sá mesti í Evrópu og langmestur á Norðurlöndum miðað við höfðatölu. Sjálfstæðisflokkurinn hefur haft málaflokkinn á sinni könnu um árabil og er greinilega ófær um að leysa vandann. Frumvarp félagsmálaráðherra er haldið verulegum ágöllum. Það getur einungis til um kostnaðarauka við tvö stöðugildi hjá Fjölmenningarsetri upp á 24 milljónir króna árlega. Þegar kostnaðaraukinn getur í reynd orðið milljarðar króna og við myndum missa málaflokkinn úr böndunum. Miðflokkurinn leggst gegn frumvarpinu í núverandi mynd.

KIRKJUR

Selfosskirkja
Guðsþjónusta sunnudaginn 21. febrúar kl. 11:00. Organisti Edit A. Molnár, raddir úr Kirkjukór Selfosskirkju leiða söng. Prestur Gunnar Jóhannesson. Sunnudagaskóli í umsjón Sjafnar Þórarinsdóttur ásamt leiðtogum. Morgunbænir þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga kl. 9:15. Upplýsingar um barna- og unglinastarf á selfosskirkja.is.

Skálholtsdómkirkja
Guðsþjónusta sunnudag 21. febrúar kl. 11.00. Prestur sr. Egill Hallgrímsson. Organisti Jón Bjarnason. Fjarlægðarmörk og annað skv. gildandi sóttvarnareglum. Hægt er að skrá sig fyrirfram í gegnum vefsíðuna sregill.net og tryggja þannig pláss í kirkjunni ef aðsókn fer yfir gildandi fjöldatakmarkanir.

Stóru-Borgarkirkja, Grímsnesi
Guðsþjónusta sunnudag 21. febrúar kl. 14.00. Prestur sr. Egill Hallgrímsson. Organisti Jón Bjarnason. Fjarlægðarmörk og annað skv. gildandi sóttvarnareglum. Hægt er að skrá sig fyrirfram í gegnum vefsíðuna sregill.net og tryggja þannig pláss í kirkjunni ef aðsókn fer yfir fjöldatakmarkanir.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67, Selfossi, 20. febrúar. Við munum opna aftur safnaðarheimilið okkar í ljósi breyttra reglna og það verður biblíulexíur kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12. Að sjálfsögðu verður farið eftir öllum sóttvarnareglum, spritt, grímur og 2 metrar, skipulag í sal eins og í haust. Streymi verður ennþá frá Aðventkirkjunni í Reykjavík, sjá Youtube og Adventkirkjan. Verið velkomin.

TIL LEIGU

Stúdíóíbúð í Hveragerði
Ný stúdíóíbúð í Hveragerði til leigu. Fullbúin húsgögnum og heimilistækjum. Uppl. í síma 860 1957 eða 697 8782.

Trjáfellingar og grisjanir

Umhverfisdeild Árborgar hefur notað góða veðrið í vetur fyrir trjáfellingar og grisjanir. Er það gert til að gefa trjám meira svigrúm til að vaxa og njóta sín.

Mikið af víði er fallinn og kominn á tíma þar sem lífaldur er mjög stuttur hjá víðitegundum. Við þessar aðstæður hefur skapast svigrúm til að gróðursetja meira í framtíðinni.

Allt efni sem til fellur er kurlað og notað sem yfirlagsefni í beðagerð. Það er nauðsynlegt til að auka fjölbreytileika í gróðri í sveitarfélaginu, þá sérstaklega vegna meindýra.

Markmið deildarinnar næstu árin verður að gróðursetja mikið og fjölbreytt, með lífaldur trjáa í huga, blóm-og haustliti og skapa þannig falleg útivistarsvæði.

Opið á Selfossi
9-14 sunnudaginn
21. febrúar

blómaval

FYRIR ÞIG

Konudagurinn
í Blómavali

Konudags-
vöndurinn

4.990kr

Blandaðir vendir, nokkrir litir

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2585 Miðvikudagur 17. febrúar 2021

Stekkjaskóli tekur vel á móti sínum fyrstu nemendum í haust

Undirbúningur á skólastarfi í hinum nýja grunnskóla á Selfossi, Stekkjaskóla, gengur vel. Skólinn mun opna dyr sínar haustið 2021. Nemendafjöldi er áætlaður í kringum 150, en erfitt er að segja til um endanlegan fjölda í sístækkandi sveitarfélagi. Dagskráin hafði samband við þau Hilmar Björgvinsson, skólastjóra og Ástrósu Rún Sigurðardóttur, aðstoðarskólastjóra, en þau eru nú í óða önn að undirbúa skólastarfið og opnun skólans næsta haust.

Hilmar Björgvinsson, skólastjóri og Ástrós Rún Sigurðardóttir, aðstoðarskólastjóri.

Margir vilja taka þátt í uppbyggingu skólans

Aðspurð um hvernig undirbúningur fyrir haustið gangi segja Hilmar og Ástrós: „Undirbúningur gengur vel. Verkefnin eru fjölbreytt og skemmtileg og snúa að húsnæðismálum, faglegu starfi, ráðningum starfsmanna, búnaðarkaupum og komu nemenda í nýjan skóla. Skólahúsnæðið sem tekið verður í notkun í haust verður mjög fínt, hefðbundnar kennslustofur þar sem breiður og góður gangur tengir stofurnar saman. Í lok mánaðarins verða auglýstar kennarastöður og aðrar stöður við skólann. Nú þegar hafa margir haft samband við okkur stjórnendur og sýnt mikinn áhuga á að taka þátt í uppbyggingu skólans og sjá mörg tækifæri í því að vera með frá upphafi. Það er virkilega ánægjulegt að finna fyrir þessum áhuga og velvilja og er mikil hvatning fyrir okkur.“

Grunnáhersluþættir skólans eru teymisvinna og teymiskennsla

Aðspurð um stefnu og kennsluhætti skólans segja þau bæði að frá stofnun skólans verði unnið með hugmyndafræði lærdómssamfélagsins ásamt því að móta framtíðarsýn skólans með skólasamfélaginu. „Við viljum móta framtíðarsýn skólans með starfsfólkinu okkar, nemendum og foreldrum og stuðla þannig að lýðræði og jafnrétti í skólasamfélaginu okkar. Þessi hugmyndafræði hefur verið leiðarljós í skólaþróun í sveitarfélaginu á undanförnum árum. Einn af grunnáhersluþáttum skólans verður teymiskennsla og teymisvinna.“

Skólabyggingin styður vel við starfsemina

Aðspurð um skólabygginguna segja þau: „Nýja skólabyggingin sem tekin verður í notkun haustið 2022 er hönnuð með teymiskennslu í huga. Við erum gífurlega ánægð með þá hönnun en að okkar mati styður hún við þessa kennsluhætti eins og best verður á kosið. Hver árgangur verður með sitt afmarkaða rými, opið rými fyrir hina ýmsu vinnustöðvar, kennslustofu fyrir innlagnir og vinnuhópa og tvö minni hópherbergi fyrir þá nemendur sem þurfa sérstakt utanumhald. Hér er svo sannarlega hugsað um að hægt verði að koma til móts við þarfir hvers og eins nemanda. Líta má á innleiðingu teymiskennslu sem leið að því að skapa lærdómssamfélag, en rannsóknir benda til þess að teymiskennsla leiði oftar en ekki til jákvæðrar skólamenningar, fjölbreyttari kennsluhátta og lýðræðislegri starfshátta.

Stórkostlegt að fá að móta skóla frá grunni

Aðspurð um hvernig það leggist í þau að móta starfið frá grunni segja þau: „Að koma að nýjum skóla og uppbyggingu hans er stórkostlegt tækifæri. Þetta er mikil áskorun, bæði fyrir okkur og starfsmannahópinn. Við lítum hins vegar svo á, að tækifærin séu miklu fleiri, bæði fyrir okkur og starfsfólkið okkar. Að byrja með 150 nemendur í skólanum eykur nándina, bæði milli nemenda og starfsfólks og við trúum því að fyrsta skólaárið verði farsælt, þrátt fyrir að hefja starfið í færanlegum kennslustofum. Eins og áður hefur komið fram verður það húsnæði nýtt og hlýlegt. Við höfum fengið tækifæri til að koma að hönnun rýmisins með fagleg sjónarmið sem tengjast kennsluháttum, samþættingu námsgreina og praktískum hlutum er snúa að daglegu starfi. Fyrir alla þá sem hafa áhuga á skólaþróun er þetta frábært tækifæri og í raun og veru einstakt. Það er ekki á hverjum degi sem við byggjum nýjan grunnskóla í sveitarfélaginu okkar og því erum við sérstaklega þakklát fyrir að vera treyst í þetta verkefni. Þess má geta að við höfum nú þegar sótt um styrk í Sprotasjóð Mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem styður við þróun og nýjungar í skólastarfi. *-gpp*

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

Fæst hjá
BYKO Selfossi

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

BÓNFEÐGAR
Gagnheiði 51- Selfossi
Símar 482 2327 - 848 2327
- Sækjum og skilum -

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Jiiibbiii
Siggaferðir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Sprettur
ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

HAGBÓK
Sérfræðingar í þína þágu
Starfsfólk Hagbókar býður upp á alhliða þjónustu er kemur að verkefnum á sviði reksturs, fjármála og bókahlds.
Hagbók ehf. bókhaldsstofa
Eyravegi 37, 800 Selfoss
www.hagbok.is s. 480 3340

D·H BÓKHALD
Bókhaldsþjónusta
Skattskil
Stofnun fyrirtækja
Framtöl og ársreikningar
Fyrirtækjaráðgjöf
Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhbokhald@gmail.com
s. 6933708

FYLGD
Útfararþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is